

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

# STARFSLEYFI

**Háafell ehf.**

520199-3149

til að starfrækja land- og kvíaeldi

Heimilisfang:

Nauteyri

510 Hólmavík

Nafn rekstraraðila: Kristján G. Jóakimsson

Kennitala rekstraraðila:

**Útgáfudagur: 18.09 2009**

**Gildir til: 18.09 2021**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, lögum nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti. Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 25.09 2009

Háafell ehf.  
Kristján G. Jóakimsson  
Nauteyri  
510 Strandabyggð

## Starfsleyfi fyrir land- og kvíaeldi

Á fundi sínum þann 18.09 2009 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Háafell ehf. Staðsetning að Nauteyri fyrir seiðaeldi. Starfsleyfið gildir til 18.09 2021. Fyrirtækið flokkast sem land- og kvíaeldi. Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 19. september 2008 nr. 1063 er árlegt eftirlitsgjald kr. 19.000 miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr. 7.600. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis samkvæmt lögum um eldi nytjastofna sjávar nr. 33/2002, sem gildi tóku 16. apríl 2002.

Samkvæmt 32. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

**Bréfi með starfsleyfi breytt þann 11. september 2012 -fyrir seiðaeldi í stað þorskseiðaeldis.**

Virðingarfyllst

---

Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi